

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Fjaðrárgljúfur í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Fjaðrárgljúfur. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

#### 1. gr.

Umsjónaraðila svæðisins, í samráði við Umhverfisstofnun, er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum eða takmarka umferð vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðaþjónustu og útivistarfólks.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 1. júlí 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*